# 2024
## ÁRSSKÝRSLA

Vestfjarðastofa



# Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Ávarp framkvæmdastjóra | 3 |
| Vestfjarðastofa | 4 |
| Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) | 9 |
| Sóknarhópur Vestfjarða | 12 |
| Starfsemi Vestfjarðastofu | 13 |
| Rekstur skrifstofu | 14 |
| Sóknaráætlun Vestfjarða | 15 |
| Atvinnuþróun | 17 |
| Byggðamál og samfélag | 23 |
| Markaðsstofa Vestfjarða / Markaður og menning | 30 |



**Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir,**
*framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu*

# Ávarp framkvæmdastjóra

**Þegar sest er niður til að skrifa um liðið ár vilja vikur, mánuðir og ár renna saman því tíminn virðist líða afar hratt. Það er þó svo að blæbrigði áranna eru mismunandi og verkefnin bera þess merki. Árið 2024 var gott ár á Vestfjörðum og þegar litið er til baka er tilefni til þakklætis fyrir margt.**

Líkt og árið 2023 var uppgangur í atvinnulífinu og fjárfestingar áfram miklar bæði af hálfu hins opinbera og einkaaðila. Við erum að sjá áhrif aukins fiskeldis og ferðaþjónustu. Haustið bar þó með sér óvissu inn í árið 2025 þar sem auðvelt virðist að heimta gjöld af atvinnuvegum sem vaxa á Vestfjörðum. Þannig er sett á hátt innviðagjald á farþega skemmtiferðaskipa sem einmitt hefur verið vaxandi atvinnugrein á Vestfjörðum og flest ef ekki öll sveitarfélög á svæðinu hafa notið góðs af á einn eða annan hátt.

Árið 2024 var ár stefnumótunar og framtíðarsýnar því unnið var að bæði gerð nýrrar Sóknaráætlunar Vestfjarða til fimm ára og gerð Svæðisskipulags fyrir Vestfirði til ársins 2050. Samtal um framtíðina var því þema ársins.

Innviða- og orkumál eru eins og alltaf stærstu hagsmunamál á vettvangi Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga. Þau mál eru sameiginleg öllum íbúum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Auknar fjárfestingar á svæðinu eru mikilvægar til að fylgja eftir og ýta undir áframhald hins vestfirska efnahagsævintýris. Á Vestfjörðum þarf að byggja fleiri íbúðir, hús og gististaði. Til þess að skapa grunn fyrir aukinn vöxt í ferðaþjónustu sem allar forsendur eru til að geti orðið á næstu árum með þeim umbótum á vegakerfinu sem orðnar eru þá þarf fleiri gististaði. Fyrirhuguð bygging nýs hótels á Hólmavík eru því gleðifréttir og mikilvægt skref til að efla trú á svæðinu og ýta undir vöxt ferðaþjónustu.

Sem áður er mikil áhersla í starfi Vestfjarðastofu að sækja um og styðja við sókn í innlenda og erlenda sjóði. Það er mikilvægt til að auka þekkingu á svæðinu og efla nýsköpunargetu hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Áfram var unnið erlendum samstarfsverkefnum á síðasta ári. Verkefninu MERSE sem miðar að stuðningi við samfélagsfrumkvöðla og verkefninu RECET sem er ætlað að efla getu sveitarfélaga til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðið í samvinnu og samstarfi við hagsmunaaðila og atvinnulíf. Einnig fékkst samþykkt ný umsókn BOCOD sem miðar að því að styðja við stafræna getu í dreifðum byggðum og kynslóðaskipti hjá fyrirtækjum.

Verkefni Brothættra byggða Sterkum Ströndum lauk á árinu og í kjölfarið hætti verkefnastjóri þess Sigurður Líndal störfum hjá Vestfjarðastofu. Einnig hætti Þórkatla Soffía Ólafsdóttir sem verkefnastjóri með starfsstöð á Patreksfirði. Við þökkum þeim báðum kærlega fyrir samstarfið og gott starf í þágu Vestfjarða.



# Vestfjarðastofa

**Vestfjarðastofa ses. var stofnuð 1. desember 2017. Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaþróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.**

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugu samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.

**Stjórnarfundir og ársfundur**

Ársfundur Vestfjarðastofu 2024 var haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á Ísafirði miðvikudaginn 29. maí 2024.

Stjórn Vestfjarðastofu hélt átta stjórnarfundi á árinu 2024. Fundargerðir allra funda má finna á heimasíðunni www.vestfirdir.is og einnig fundagerðir ársfunda auk fundagerða nefnda. Upplýsingar um fjármál og rekstur Vestfjarðastofu má einnig finna á heimasíðunni.

**Upplýsingamiðlun**

Í byrjun ársins 2021 hóf Vestfjarðastofa útgáfu mánaðarlegs fréttabréfs þar sem helstu viðfangsefni og fréttir mánaðarins eru dregnar saman á einn stað. Fréttum og upplýsingum hefur jafnframt verið miðlað á vefnum www.vestfirdir.is á árinu 2024. Vestfjarðastofa er einnig með Facebooksíðu og er þar miðlað fréttum og upplýsingum tengdri starfseminni.

**Skipurit Vestfjarðastofu**

Í kjölfar breytinga á samþykktum Vestfjarðastofu í mars 2022 var ráðist í breytingar á skipuriti sem kynnt var stjórn Vestfjarðastofu á fundi 5. desember 2022 og samþykkt á stjórnarfundi þann 18. janúar 2023.




## Stjórn Vestfjarðastofu

### Af vettvangi sveitarstjórnarmála til október 2024:

| | |
|---|---|
| Jóhanna Ösp Einarsdóttir | Reykhólahreppi - formaður |
| Dagný Finnbjörnsdóttir | Ísafjarðarbæ |
| Nanný Arna Guðmundsdóttir | Ísafjarðarbæ |
| Lilja Magnúsdóttir | Vesturbyggð |
| Magnús Ingi Jónsson | Bolungarvíkurkaupstað |

### Af vettvangi sveitarstjórnarmála frá október 2024:

| | |
|---|---|
| Jóhanna Ösp Einarsdóttir | Reykhólahreppi - formaður |
| Dagný Finnbjörnsdóttir | Ísafjarðarbæ |
| Nanný Arna Guðmundsdóttir | Ísafjarðarbæ |
| Lilja Magnúsdóttir | Vesturbyggð |
| Magnús Ingi Jónsson | Bolungarvíkurkaupstað |



| | |
|---|---|
| **Frá atvinnulífi og menningu til maí 2024:** | |
| Elísabet Gunnarsdóttir | Háskólasetur Vestfjarða |
| Gauti Geirsson | Háafell |
| Friðbjörg Matthíasdóttir | Gistihúsið Við höfnina (Búbíl ehf) |
| Halldór Halldórsson | Íslenska Kalkþörungafélagið |
| **Frá atvinnulífi og menningu frá maí 2024:** | |
| Elísabet Gunnarsdóttir | Háskólasetur Vestfjarða |
| Gauti Geirsson | Háafell |
| Lilja Sigurðardóttir | Oddi hf. |
| Sædís Þórsdóttir | Fantastic Fjords |

**Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu**

| | |
|---|---|
| Rebekka Hilmarsdóttir | formaður |
| Viktoría Rán Ólafsdóttir | |
| Kristján Jón Guðmundsson | |

**Aðilar Vestfjarðastofu og fulltrúar í fulltrúaráði**

| | |
|---|---|
| Arnarlax | Jónas Heiðar Birgisson |
| 3X Technology | Halldór Jónsson |
| Háskólasetur Vestfjarða | Peter Weiss |
| Fræðslumiðstöð Vestfjarða | Sædís María Jónatansdóttir |
| Arna ehf | Óskar Örn Hálfdánarson |
| Artic Sea Farm hf | Baldur Smári Einarsson |
| Reykhólahreppur | Jóhanna Ösp Einarsdóttir |
| Súðavíkurhreppur | Bragi Þór Thoroddsen |
| Ísafjarðarbær | Nanný Arna Guðmundsdóttir |
| Strandabyggð | Þorgeir Pálsson |
| Vesturbyggð v/Tálknafjarðarhreppur | Þórkatla Soffía Ólafsdóttir |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Magnús Ingi Jónsson |
| ThorVerk ehf | María Hildur Maack |
| Kerecis | Ásta María Sverrisdóttir |
| Vesturbyggð | Þórkatla Soffía Ólafsdóttir |
| Hótel Ísafjörður | Hólmfríður Vala Svavarsdóttir |
| Hraðfrystihúsið Gunnvör | Kristján G. Jóakimsson |
| Kaldrananeshreppur | Finnur Ólafsson |
| Marigor | Halldór Halldórsson |
| Íslenska kalkþörungafélagið | Halldór Halldórsson |
| Vesturferðir | Jón Auðun Auðunarson |
| Orkubú Vestfjarða | Elías Jónatansson |
| Kaupfélag Steingrímsfjarðar | Viktoría Ólafsdóttir |
| Byggðastofnun | Guðbjörg Óskarsdóttir |
| Kampi | Kristján Jón Guðmundsson |
| Verkís | Jóhann Birkir Helgason |
| Árneshreppur | Eva Sigurbjörnsdóttir |
| Vallargata ehf. | Runólfur Ágústsson |



**Starfsfólk Vestfjarðastofu**

Á Vestfjarðastofu starfar öflugur hópur sérfræðinga með djúpa þekkingu á atvinnulífi, menningu, umhverfi og samfélögum svæðisins. Meginstef í allri starfsemi Vestfjarðastofu er að efla Vestfirði og gæta hagsmuna svæðisins.

Sigurður Líndal verkefnastjóri Sterkra Stranda hætti störfum í lok árs 2024 og á sama tíma hætti jafnframt Þórkatla Soffía Ólafsdóttir verkefnastjóri á Patreksfirði. Steinunn Ása Sigurðardóttir kom til baka úr fæðingarorlofi haustið 2024 og Vilborg Pétursdóttir var ráðin verkefnastjóri Markaðsstofu Vestfjarða.

Við lok ársins 2024 voru starfsmenn 15 í 13,4 stöðugildum. Staðsetning í listanum hér fyrir neðan vísar til starfsstöðvar en allir starfsmenn sinna verkefnum á öllu starfssvæði Vestfjarðastofu.

| | |
|---|---|
| Aðalsteinn Óskarsson - sviðsstjóri byggðasviðs | Ísafirði |
| Anna Sigríður Ólafsdóttir – verkefnastjóri miðlunar | Ísafirði |
| Guðrún Anna Finnbogadóttir – teymisstjóri atvinnu- og byggðaþróunar | Patreksfirði |
| Hjörleifur Finnsson – verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála | Ísafirði |
| Kristín Hulda Guðjónsdóttir – skrifstofustörf – hlutastarf | Ísafirði |
| Magnús Þór Bjarnason - verkefnastjóri nýsköpunar og fjárfestinga | Ísafirði |
| Magnea Garðarsdóttir - verkefnastjóri | Ísafirði |
| Margrét Jóhanna Birkisdóttir – bókhald | Ísafirði |
| Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir – framkvæmdastjóri | Ísafirði |
| Sigurður Líndal Þórisson – verkefnastjóri | Hólmavík |
| Skúli Gautason - menningarfulltrúi og verkefnastjóri | Hólmavík |
| Steinunn Ása Sigurðardóttir – verkefnastjóri – frá nóv 2024 | Ísafirði |
| Sölvi Guðmundsson – teymisstjóri markaðs og menningar | Ísafirði |
| Vilborg Pétursdóttir – verkefnastjóri | Ísafirði |
| Þórkatla Soffía Ólafsdóttir - verkefnastjóri | Patreksfirði |

# Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)

**Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands er Fjórðungsþing Vestfirðinga tvískipt, að vori er viðfangsefnið uppgjör liðins starfsárs en að hausti eru það málefni landshlutans og starfsemi komandi árs. 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga var haldið í (Edinborgarhúsinu) í apríl, og á Laugahóli í Bjarnarfirði í október.**

Á Fjórðungsþingi að vori var samkvæmt samþykktum lögð fram og afgreidd ársskýrsla 2023, ársreikningur 2023 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2024. Fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins vann tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2024 með sviðsstjóra byggðaþróunar og framkvæmdastjóra og tillögu um samþykkt ársreiknings 2023. Samkvæmt samþykktum afgreiðir þingið tillögu um efni og staðsetningu haustþings, en að öðru leyti má kynna sér undirbúning, umræðu og afgreiðslu mála þingsins, í samantekt á heimasíðu Vestfjarðastofu[1] þar með talið þinggerð. Meginhluti þingsins var síðan helgaður umræðu um drög að lýsingu á Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050 og samspili við drög að nýrri Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029. Kynningu höfðu þeir Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi og Héðinn Unnsteinsson, stjórnsýslu-fræðingur frá Urbana ehf og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri. Efni umræðunnar mótaði síðan efni sem lagt var fram á samráðsfundum á Vestfjörðum og niðurstaða þess samráðs var lagt til grundvallar tillögu að lýsingu svæðisskipulags og tillögu að Sóknaráætlun Vestfjarða[2].

Vegna sameiningar sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum var árið 2024 þess var haldið Fjórðungsþing að sumri miðvikudaginn 19. júní 2024 í fjarfundi. Meginverkefni þingsins var að velja fulltrúa í kjörnefnd til undirbúnings kosninga á 69. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti, auk vals á formanni kjörnefndar. Þinggerð Fjórðungsþings að sumri má finna á heimasíðu Vestfjarðastofu[3].

Á Fjórðungsþingi að hausti er samkvæmt samþykktum afgreiðsla á fjárhagsáætlun komandi árs og laun nefnda og stjórnar á komandi starfsári og kynning á framkvæmd Sóknaráætlunar. Kosning í stjórnir og nefndir eru annað hvort ár og árið 2024 var kosningaár. Kosið var til stjórnar og varastjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Jóhanna Ösp Einarsdóttir sem hafði sinnt formennsku af mikilli röggsemi undanfarin fjögur ár lét af störfum og var Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ, kjörinn nýr formaður. Ný í stjórn eru einnig Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi og Tryggvi Bjarnason, Vesturbyggð. Sem nýr varamaður kemur inn Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Vesturbyggð.

Auk venjubundinna þingstarfa kynnti Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 sem nú hefur farið í gegnum Samráðsgátt. Fór hún yfir vinnuna að baki henni og lauslega yfir uppsetningu og innihald. Einnig var farið yfir hvað hafi breyst frá því síðasta Sóknaráætlun var gerð og þann árangur sem náðst hefur[4].

Sem lið í gerð vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 fór fram vinnustofa um framtíðarmyndir Vestfjarða byggt á lýsingu svæðisskipulags að afloknu samráði um auglýsta tillögu. Hrafnkell Proppé, skipulagráðgjafi, Úrbana ehf. sem fer fyrir vinnunni fyrir hönd VSÓ ráðgjafar, fór yfir stöðu verkefnisins og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur hjá VSÓ ráðgjöf, fór yfir lýðfræðilega þróun Vestfjarða. Lilja Magnúsdóttir, fyrir hönd Vesturbyggðar og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, sýndu hvernig mismunandi sviðsmyndir gætu litið út í sveitarfélögunum miðað við þær forsendur sem unnið hefur verið með í svæðisskipulaginu. Í framhaldi af því unnu þinggestir ólíkar framtíðarmyndir á skemmtilegri vinnustofu og í lok hennar var gengið til kosninga um sviðsmynd af framtíð Vestfjarða. Í boði voru þrjár sviðsmyndir: andvari, meðbyr og gustur, niðurstöður kosninganna voru á þá leið að andvari fékk ekkert atkvæði, gustur hlaut 25 og meðbyr 26 atkvæði. Samantekt vinnu að framtíðarmyndum og lýsingu svæðisskipulagsins var kynnt undir lok ársins undir heitinu Frumdrög Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050, en þessi samantekt verður lögð til grundvallar gerð vinnslutillögu á árinu 2025[5].

---

[1] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/fv/fjordungsthing/69-fjordungsthing-ad-vori

[2] https://skipulagsgatt.is/issues/2024/603 og https://island.is/samradsgatt/mal/3842

[3] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/fv/fjordungsthing/69-fjordungsthing-ad-sumri

[4] https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/soknaraaetlunvestfjarda_v4.pdf

[5] https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/Svaedisskipulag/frumdrog_svaedisskipulags_des_2024.pdf

Þingið var að öðru leyti starfsamt og fjallaði um og afgreiddi 28 ályktanir[6] auk tveggja breytingartillagna og að loknum nefndarstörfum voru samþykktar 18 ályktanir. Kynna má sér nánar um undirbúning, umræðu og afgreiðslu mála í samantekt á heimasíðu Vestfjarðastofu[7] þar með talin þinggerð.

Í stjórn Fjórðungssambandsins sitja eftirfarandi sveitarstjórnarfulltrúar eftir kosningar 2024.

| Aðalmenn | Varamenn |
|---|---|
| Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ | Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ |
| Dagný Finnbjörnsdóttir, Ísafjarðarbæ | Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ |
| Tryggvi B. Bjarnason Vesturbyggð | Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Vesturbyggð |
| Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað | Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi |
| Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi | Þorgeir Pálsson, Strandabyggð |

Formaður stjórnar er Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ.

**Hlutverk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðastofu.**

a. Samkvæmt skipuriti er Fjórðungsþing æðsta vald í málefnum Vestfjarðastofu.
b. FV gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd sóknaráætlunar.
c. Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana.
d. FV hefur hlutverk landshlutasamtaka í samskiptum við ríki og sem landshlutasamtök er FV sá aðili sem ríkið beinir erindum til sem varða fjórðunginn.
e. FV er samstarfsvettvangur sveitarfélaga.
f. Tilnefningar í stjórnir í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga.
g. gStjórn fundar tvisvar á ári fyrir ársfundadag og Fjórðungsþing að hausti.

**Hlutverk Vestfjarðastofu:**

a. Vestfjarðastofa er skrifstofa FV og annast rekstur skrifstofu og verkefna samkvæmt samningum við FV, Byggðastofnun, Ferðamálastofu og aðra sem samið verður við um slíkt.
b. Starfsmenn koma fram fyrir hönd Vestfjarðastofu sem verður hinn almenni samnefnari fyrir byggða- og atvinnuþróunarmál Vestfjarða.
c. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu hafa umsjón með þeim verkefnum sem tilheyra rekstri og umsýslu verkefna fyrir FV svo sem:
    i. Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi. Umsagnir eru almennt gerðar í nafni Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga til að umboðskeðja sé skýr.
    ii. Vinnu við sóknaráætlun landshlutans.
    iii. Áhersluverkefni sóknaráætlunar.
    iv. Uppbyggingarsjóður - rekstur og umsýsla.
    v. Samskipti við önnur landshlutasamtök sem Vestfjarðastofa.
    vi. Samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins.
    vii. Samskipti við sveitarstjórnarmenn á starfssvæði FV.
    viii. Rekstur fastanefnda.

[6] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/fv/fjordungsthing/69-fjordungsthing-ad-hausti

[7] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/




**Sóknaráætlun Vestfjarða**

Fjórðungssamband Vestfirðinga er samningsaðili við stjórnvöld vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða en starfsfólk Vestfjarðastofu annast umsýslu Sóknaráætlunar samkvæmt samningi milli Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Unnið var samkvæmt markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024[8] á starfsárinu en jafnframt unnið að gerð nýrrar Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029 en nánar er fjallað um þá vinnu hér síðar í ársskýrslu Vestfjarðastofu og eins má kynna sér ársskýrslu Sóknaráætlunar Vestfjarða á heimasíðu Vestfjarðastofu[9].

[8] https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastofa_soknaraaetlun-2020-2024.pdf

[9] https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/greinagerd-soknaraaetlunar-2023.pdf

# Sóknarhópur Vestfjarða

**Sóknarhópur Vestfjarða var stofnaður 16. maí 2023. Kallað hafði verið eftir að styrkja rödd atvinnulífsins innan Vestfjarðastofu og var sóknarhópurinn stofnaður sem svar við því. Markmiðið var að skapa samstarfsvettvang fyrirtækja á Vestfjörðum og til að gæta að sameignlegum hagsmunum þeirra. Breytingar voru gerðar á samþykktum Vestfjarðastofu árið 2022 og þannig fengu fyrirtækin á Vestfjörðum sterkari aðkomu að stefnumótun, verkefnavali og hagsmunagæslu í gegnum Sóknarhóp.**

Hagsmunaaðilar í Sóknarhópi eru aðgreindir eftir sviðum Vestfjarðastofu og eru kosnir tveir aðalmenn og tveir til vara innan hvors sviðs. Þau fjögur sem kjörin eru aðalmenn fara inn í stjórn Vestfjarðastofu. Fimm efstu í kjörinu mynda stjórn Sóknarhóps og er fimmti stjórnarmaður Sóknarhóps fyrsti varamaður atvinnulífs og menningar í stjórn Vestfjarðastofu og hefur rétt til að sitja stjórnarfundi sem áheyrnarfulltrúi. Aðal- og varamenn í Sóknarhópi mynda síðan fagráð fyrir hvort svið. Ný stjórn Sóknarhóps var kosin á ársfundi Sóknarhópsins þann 27. maí 2024.

**Atvinnu- og byggðaþróun**
Undir sviðið fellur öll starfsemi sjávarútvegs, fiskeldis, iðnaðar, þjónustu og nýsköpunar. Hlutverk Vestfjarðastofu er að vera smurningskerfið sem keyrir áfram hagsmunamál fyrir atvinnulífið.

***Fagráð atvinnu- og byggðaþróunar***

- Gauti Geirsson
- Lilja Sigurðardóttir
- Halldór Halldórsson
- Jónas Heiðar Birgisson

**Ferðaþjónusta og menning - Markaðsstofa Vestfjarða**
Undir sviðið fellur öll sú starfsemi er nær til ferða- og menningarmála. Markaðsstofa Vestfjarða hefur verið starfrækt frá árinu 2006. Markaðsstofa Vestfjarða annast hagmunagæslu ferðaþjóna í landshlutanum, vinnur í samstarfi við markaðsstofur landshlutanna, kemur að uppsetningu ferðasýningarinnar Mannamóta og sér um markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum ásamt fjölda annarra verkefna.

***Fagráð Markaðs- og menningar***

- Sædís Ólöf Þórsdóttir
- Elísabet Gunnarsdóttir
- Sif Huld Albertsdóttir

Markmið Sóknarhópsins var að halda einn staðfund á ári og svo einn netfund með öllum aðilum Sóknarhópsins. Lögð var áhersla á að stjórnin væri sýnileg og að félagsmenn gætu komið málum á framfæri við hana til frekari skoðunar. Eitt af markmiðunum var að stofna mætti faghópa um ákveðin málefni og hefur verið leitað til þeirra um álit á ákveðnum málum.

6. febrúar var haldinn vinnufundur Sóknarhóps Vestfjarðastofu undir handleiðslu Braga Valdimars Skúlason frá Brandenburg og Ingvars Örn Ingvarsson frá Cohn & Wolfe. Vinnufundurinn byggði á því starti sem Sóknarhópurinn fékk á fundi í nóvembermánuði 2023 þar sem yfirskriftin var *„Hvernig eflum við ímynd Vestfjarða?"* Á fundinum var ímynd svæðisins skoðuð bæði út frá sjónarhorni íbúa og hvernig þeir mátu að hún væri skynjuð utanfrá. Þar að auki var kafað undir yfirborðið og reynt að finna sameiginleg gildi og tóninn í þeim skilaboðum sem við viljum senda frá okkur sem heild.

Staðfundur stjórnar Sóknarhóps var haldinn á Patreksfirði þann 28. ágúst 2024. Meðal þess sem stjórn gerði á árinu var að hafa persónulega samband við alla aðila Sóknarhópsins og taka stöðuna á fyrirtækjunum innan landshlutans. Með því leitast stjórnin við að komast að því hver brýnust málefnin í atvinnulífinu eru, bæði tækifæri og áskoranir. Þá notar stjórnin einnig tækifærið til að kanna hvernig Sóknarhópurinn geti helst verið sínu fólki innan handar í þeim áskorunum sem það stendur frammi fyrir.

Samtöl, fundir og námskeið veita stjórn og starfsmönnum mikilvægan efnivið sem nota má við að móta störf og áherslur hópsins og starfsmanna Vestfjarðastofu í þágu fyrirtækja og frumkvöðla á svæðinu.



# Starfsemi Vestfjarðastofu

**Starfsáætlun Vestfjarðastofu er unnin af starfsmönnum og stjórn og er birt í upphafi hvers árs. Í starfsáætlun eru áherslur hvers árs dregnar fram og þau verkefni sem unnið verður að á árinu.**

Mörg verkefni Vestfjarðastofu eru viðvarandi verkefni þar sem áherslur geta verið breytilegar milli ára en einnig eru áhersluverkefni Sóknaráætlunar oft framkvæmd af Vestfjarðastofu með samningum við Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV).

Í ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi hverrar deildar og farið yfir árangursviðmið verkefna út frá starfsáætlun ársins 2024.

### Skipting launakostnaðar 2024 á deildir endurspeglar áherslur og fjármögnun verkefna.



# Rekstur skrifstofu

**Árangursmat deildar**

1 = verkþáttur ekki unninn

2 = verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3 = verkþáttur/verkefni vannst að hluta – verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4 = verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5 = verkþáttur/verkefni vannst að fullu

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjármál og rekstur | Ársreikningur VFS og FV 2023 | SÓK, AÓ | | | | | ■ | |
| | Endurskoðuð fjárhagsáætlun VFS og FV 2024 | SÓK, AÓ | | | | | ■ | |
| | Gerð fjárhags og starfsáætlunar 2025 | SÓK | | | | | ■ | |
| | Fjárhagsáætlun VFS & FV 2025 | SÓK, AÓ | | | | | ■ | |
| Vefur og samfélagsmiðlar VFS | Gerð fréttabréfs Vestfjarðastofu | ASÓ | | | | | ■ | |
| | Greining á miðlunarþörf | ASÓ | | | | ■ | | Stöðugt í gangi – fer eftir verkefnum |
| | Miðlunarstefna | ASÓ, SÓK | | | ■ | | | Komin beinagrind, er í vinnuferli |
| | Námskeið fyrir starfsfólk um miðlun | ASÓ, MG | ■ | | | | | |
| Gagnastjórnun og Teams | Þarfagreining vegna stafrænna innviða Vestfjarðastofu | MG, ASÓ | | ■ | | | | |
| | Mótun verklags vegna notkunar hugbúnaðar | MG | | ■ | | | | |
| | Verklag vegna gagnaskila | | | | | ■ | | |
| | Málanúmer | | | | ■ | | | Er byrjað |
| Kynningar og samskiptaáætlun | Heildar samskiptaáætlun – ásýnd og ímynd | ASÓ | | | ■ | | | Tengist miðlunarstefnu – er í vinnslu |
| | Glærur, kynningarefni ofl. | | | | | | | |
| Starfsmannamál Vestfjarðastofu | Starfsmannasamtöl | SÓK | | | | | ■ | |
| | Starfsmannaferð | SÓK | ■ | | | | | |
| | Siðareglur og jafnréttisstefna birt | SÓK | | | ■ | | | |

Rekstur skrifstofu Vestfjarðastofu var í ágætu jafnvægi árið 2024 og hefðbundin verkefni í góðum farvegi. Miðlun á vef og í fréttabréfi er stöðug og góð en eins og sést hefur ekki náðst að vinna að verkefnum á sviði gagnastjórnunar, ekki voru haldin formleg námskeið um miðlun eða farið í starfsmannaferð. Stefnt er að úrbótum á þessum sviðum á árinu 2025.

## Sóknaráætlun Vestfjarða



**Fjórðungssamband Vestfirðinga fól Vestfjarðastofu með samningi umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Í því felst að annast alla umsýslu Sóknaráætlunar, samstarf við samráðsvettvang og úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs, framkvæmd úthlutunar og samskipti við styrkþega. Vestfjarðastofa annast einnig umsjón með áhersluverkefnum Sóknaráætlunar.**

Ný Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 var unnin á árinu 2024 og birt í lok ársins.

Sóknaráætlun Vestfjarða er ætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Eru þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

Heildarframlög ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða námu um 107 mkr, sem að frádregnum rekstrarkostnaði var skipt á milli áhersluverkefna og framlaga Uppbyggingarsjóðs. Frekari upplýsingar um ráðstöfun fjárframlaga Sóknaráætlunar má finna í árlegri greinagerð Sóknaráætlunar[10].

### Árangursmat Sóknaráætlunar 2024

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kynning á Sóknaráætlun | Færslur á vef og samfélagsmiðlum | MG, ASÓ, SG | | | | | ■ | |
| | Að hafa virka upplýsingasíðu, senda fréttatilkynningar á ytri miðla | MG, ASÓ, SG | | | | | ■ | |
| Vinna við nýja Sóknaráætlun | Undirbúningur, aðgerðir og framkvæmd | MG, SG, SÓK, ASÓ | | | | | ■ | |
| Áhersluverkefni Sóknaráætlunar | Áhersluverkefni 2025-2027 ákveðin | SÓK, MG | | | | | ■ | |
| | Eftirfylgni áhersluverkefna | MG | | | | | ■ | |
| Umsóknir og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði | Úthlutun Uppbyggingarsjóðs auglýst og úthlutað úr sjóðnum | SG, MG, AÓ | | | | | ■ | |
| | Val á fyrirmyndarverkefnum | MG, SG | | | | ■ | | |
| | Gerð samninga og eftirfylgni verkefna | MG | | | | | ■ | |
| Kynning á Uppbyggingarsjóði | Kynningarfundir og vinnustofur vegna úthlutunar ársins 2025 | SG, MG | | | | | ■ | |
| | Opið netnámskeið í umsóknagerð verði haldið | SG, MG | | | | | ■ | |

[10] https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/greinagerd-soknaraaetlunar-2023.pdf



Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði í desember 2023 fyrir árið 2024. Eftirfylgni styrkúthlutana er nokkuð tímafrekt verkefni. Gera þarf samninga við styrkþega, fara yfir framvindu- og lokaskýrslur og greiða út styrki. Starfsmenn Vestfjarðastofu annast vinnuna en útborgun styrkja og annarra framlaga fer í gegnum reikninga Fjórðungssambands Vestfirðinga.

**Áhersluverkefni í vinnslu árið 2024**

- Ímynd, uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum
- Ungmennalýðræði á Vestfjörðum
- Menntastefna Vestfjarða - eftirfylgni
- Markaðssetning ferðaþjónustu
- Úrgangsmál og hringrásarhagkerfi á Vestfjörðum
- Samstarfsverkefni í orkumálum – Blámi
- Svæðisskipulag Vestfjarða
- Púkinn – barnamenningarhátíð
- Kolefnishlutlausir Vestfirðir - Vegvísir

Nánara yfirlit allra verkefna má finna á heimasíðunni eða í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2024[11].

**Gerð nýrrar Sóknaráætlunar Vestfjarða**

Gerð nýrrar Sóknaráætlunar og vinna við svæðisskipulag Vestfjarða var fyrirferðarmikil á árinu 2024. Vegna þeirrar vinnu voru haldnir fjórir opnir íbúafundir undir yfirskriftinni „Framtíð Vestfjarða – þér er boðið að borðinu". Fundir voru haldnir á Patreksfirði, Ísafirði, Hólmavík og Reykhólum. Góð mæting var á fundina og sóttu þá um 170 manns. Auk opinna funda voru haldnir fókus fundir með afmörkuðum hópum svo sem íbúum af erlendum uppruna, eldri borgurum og fræðimönnum sem skoðað hafa þróun búsetu í dreifbýli.

[11] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/

# Atvinnuþróun

**Mikil áhersla er á stuðning við þá sem vilja sækja um styrki í innlenda og erlenda sjóði og fer jafnan umtalsverður tími starfsmanna í yfirlestur umsókna og samtöl við umsækjendur. Auk þess er ráðgjöf við frumkvöðla og fyrirtæki stór þáttur af starfi verkefnastjóra Vestfjarðastofu.**

**Sjávarútvegsklasinn & Hafsjór af hugmyndum**
Sjávarútvegsklasi Vestfjarða styrkir nemendur í tengslum við lokaverkefni. Árið 2024 bárust sjö umsóknir frá nemendum við þrjá íslenska háskóla: Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólasetur Vestfjarða. Verkefni nemendanna eru fjölbreytt og snúa þau að kynþroska laxa, verðmætasköpun í laxeldi, áhrif mannanna á hegðun þorsks, heilsu grjótkrabba, segulmögnun fjarða og fræðsluefni um hvali í Ísafjarðardjúpi.

**Fiskeldismál**
Starfsfólk Vestfjarðastofu sótti að vanda ráðstefnuna Lagarlíf í Hörpu þar sem um 700 manns mættu og áhersla var lögð á menntun í fiskeldi þetta árið.

**Fjárfestingar á Vestfjörðum**
Vefsíðan InWest.is sem er fjárfestingasíða fyrir Vestfirði og var opnuð snemma árs 2024. Síðunni er ætlað að draga fram fjárfestingakosti á Vestfjörðum og vera upplýsingaveita um áhugaverða fjárfestingakosti. Markmið Inwest.is er ekki aðeins að auka sýnileika Vestfjarða sem ákjósanlegs fjárfestingarkosts heldur einnig að stuðla að sjálfbærri þróun svæðisins með því að laða að fjárfestingu sem nýtir gæði og náttúruauðlindir á ábyrgan hátt.

Í mars fór framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu á ráðstefnuna MIPIM í Cannes. Íslandsstofa, sem hefur verið þáttakandi um árabil til að kynna Ísland, skipulagði ferðina en að þessu sinni var landshlutasamtökunum einnig boðið að taka þátt. Var það gert til að þau mættu kynna sér sýninguna af eigin raun og til að freista þess að opna dyr fyrirtækjum og verkefnum á sínu svæði. Íslandsstofa lagði upp með stærri bás en áður og aukinn sýnileika á MIPIM vegna þeirra fjölmörgu tækifæra sem verið er að kynna á Íslandi, líkt og uppbygging grænna iðngarða og innviða tengdum hringrásarhagkerfi auk ferðaþjónustutækifæra.

**Bláa hagkerfið**
Framtíðarsýn og vaxtarmöguleikar Vestfjarða í bláa hagkerfinu eru stór hluti af starfi við atvinnuráðgjöf hjá Vestfjarðastofu. Undir bláa hagkerfið fellur nánast öll notkun mannsins á hafinu; fiskveiðar, fiskeldi, þari, þörungar og sjávartengd ferðaþjónusta svo dæmi séu tekin. Starfsfólk Vestfjarðastofu sótti á árinu 2024 nokkrar ráðstefnur tengdar ofangreindum viðfangsefnum. Ráðstefnur um þörunga, fiskeldismál, fóður og fleiri verkefni. Ráðstefnur eru mikilvægar til tengslamyndunar og til að kynnast verkefnum sem gagnast geta frumkvöðlum og fyrirtækjum á Vestfjörðum.

**Þari og þörungar**
Á árinu 2024 tók Vestfjarðastofa þátt í samstarfshóp um skelrækt sem hefur það hlutverk að leita leiða til að endurvekja skelrækt á Íslandi. Samráðshópurinn er samansettur af aðilum frá MAST, Matís, Haf og Vatn, Skelrækt, Reykhólahreppi, Vestfjarðastofu og áheyrnafulltrúum frá Matvælaráðuneytinu.

**Brothættar byggðir í Árneshreppi – Áfram Árneshreppur!**
Verkefninu lauk formlega í lok árs 2023 en eftirfylgni og lokagreiðsla styrkja varði fram á árið 2024.




**Brothættar byggðir í Strandabyggð – Sterkar Strandir**
Verkefni Brothættra byggða eru afar fjölbreytt og taka mið af aðstæðum í hverju byggðarlagi fyrir sig og þeim verkefnum sem sveitarfélagið eða aðrir aðilar kalla eftir. Vinnan tekur einnig mið af þeim sem þarfnast aðstoðar eða aðkomu verkefnisins. Fastur liður í starfsemi Sterkra Stranda er árleg úthlutun fjármuna úr Frumkvæðissjóði og er undirbúningur úthlutunar, samskipti og eftirfylgni gagnvart styrkþegum fastur liður í störfum verkefnastjóra í Brothættum byggðum um land allt. Í Strandabyggð hafa skil og frágangur styrktra verkefna gengið með miklum ágætum.

Ársskýrsla Sterkra Stranda 2024[12].

**Þróunarverkefnissjóður Flateyrar**
Auglýst var eftir umsóknum í þróunarverkefnissjóð Flateyrar í desember 2023, með umsóknarfrest til og með 6. Janúar 2024. Til úthlutunar voru 21,4 milljónir. Alls bárust 28 umsóknir þar sem í heildina var sótt um ríflega 71 miljónir af heildarkostnaði verkefna upp á 136,9 miljónir, þar af hlutu 17 brautargengi.

Flestar umsóknir vísuðu til með einum eða öðrum hætti til markmiða Flateyrarverkefnisins og niðurstaðna íbúaþings og áherslum í sóknaráætlun Vestfjarða. Af þeim verkefnum sem hlutu styrk má flokka níu sem samfélagsverkefni og átta sem verkefni í atvinnu- og nýsköpun. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum í takt við markmið og áherslur verkefnisins. Mat verkefna tók mið af íbúasamráði í tengslum við samfélagsverkefni á Flateyri og markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Umsóknir sem bárust í sjóðinn voru metnar af verkefnisstjórn byggðalagsins, sem skipuð er fulltrúum frá Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og hverfaráði Önundarfjarðar.

Úthlutun ársins 2024 – lýsing á verkefnum[13].

**Samfélagsleg nýsköpun**
Vestfjarðastofa er þáttakandi í verkefninu MERSE, Business Models Empowering Rural Social

[12] https://www.vestfirdir.is/static/files/Sterkar_Strandir/arsskyrsla-2024-stst-lokaskyrsla-verkefnisins.pdf

[13] https://www.vestfirdir.is/static/files/Flateyri/rokst.-uthlut-thrs.-flateyri-2024.pdf

Entrepreneurship voicing the rural norm. Markmiðið MERSE er að þróa viðskiptamódel, stuðningskerfi og aðstæður fyrir samfélags-frumkvöðla sem annað hvort vilja stofna eða þróa samfélagsdrifin verkefni í dreifðum byggðum.

Þátttakendur í MERSE, sem Vestfjarðastofa er aðili að, komu í heimsókn á Vestfirði dagana 9.-10. apríl. Mid Sweden University (Mittuniversitetet) leiðir verkefnið, en auk Svía taka þátt aðilar frá Noregi, Finnlandi, Írlandi og auðvitað Íslandi. Annar fundur vegna MERSE verkefnisins var á Írlandi um miðjan október og fóru þangað fulltrúar verkefnisins á Íslandi. Nánari upplýsingar um Merse verkefnið má finna á vef Vestfjarðastofu[14].

## Árangursmat deildar

**1= verkþáttur ekki unninn**

**2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs**

**3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru**

**4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti**

**5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu**

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samvinna Vestfjarðastofu og atvinnulífs á Vestfjörðum** | Sóknarhópur Vestfjarðastofu - staðfundir | SÓK, GAF,SRG,MÞB | | | | | ■ | |
| | Sóknarhópur Vestfjarðastofu - Netfundir | SÓK, GAF,SRG,MÞB | | | | | ■ | |
| | Sóknarhópur - utanumhald & þróun | GAF, SRG | | | | | ■ | |
| | Sóknarhópur Vestfjarðastofu - kynningar á fyrirtækjum | ASÓ | | | ■ | | | Kom með plan, bíður ákvörðunar Sóknarhóps sem þarf að koma með input |
| | Sjávarútvegsklasi Vestfjarða | GAF | | | | | ■ | |
| | RECET - orkuskipta- og umhverfisverkefni | HF, MÞB | | | | | ■ | |
| **Nýsköpun** | Nýtt stuðningsverkefni fyrir nýsköpun þróað og fjármagnað | GAF, ÞSÓ, MÞB | | | ■ | | | |
| | Viðburður eða röð viðburða | ÞSÓ, GAF, MÞB | | | ■ | | | |
| | Upplýsingafundir og kynningar um orkuskipti, umhverfis og loftslagsmál | HF, MÞB | | | | | ■ | Stór fundur í febrúar, kynningar á ungmennaþingi, opnum fundum um sóknaráætlun ofl, kynningar í nefndum sveitarfélaga og vinnustofur með sveitarfélögum |
| | Nýsköpun tengd orkuskiptum | MÞB, HF | | | | ■ | | |
| | Þátttaka í verkefnum og umsóknagerð | SÓK, SLÞ, MÞB, GAF, ÞSÓ, HF | | | | | ■ | |
| | Virðisaukandi verkefni í landbúnaði | SLÞ, MÞB | | | | | | |
| | Umsókn í LIVE - byggt á reynslu Sóknarvirki | MÞB , GAF, HF | | | ■ | | | |
| **Samstarf iðnaðarins og menntastofnana** | Tengja saman faghópa og menntastofnanir á Vestfjörðum | MÞB | | | | ■ | | |

[14] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/atvinnuthroun-og-nyskopun/merse

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla** | Aukinn sýnileiki atvinnuráðgjafar á vef og samfélagsmiðlum | ASÓ, MG | | | | ■ | | |
| | Ráðgjöf við atvinnulífið á sviði nýsköpunar, umhverfismála og tækninýjunga. | GAF,SLÞ,MÞB, ÞSÓ, HF | | | | | ■ | |
| **Betri og fleiri umsóknir frá Vestfjörðum** | Benda á umsóknarfresti í sjóði og miðla á vef Vestfjarðastofu | MG,SG, ASÓ | | | | | ■ | Ýmsir sjóðir og umsóknarfrestir kynntir á vef Vestfjarðastofu og með póstum á Facebook |
| | Aðstoð og stuðningur við sveitarfélög og einkaaðila við umsóknir í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða | SRG,HF | | | | | ■ | Aðstoð vi/Krossneslaug |
| | Stærri, fleiri og fjölbreyttari umsóknir frá Vestfjörðum í ýmsa sjóði, innlenda og erlenda | SLÞ, SG, MG, MÞB, HF | ■ | | | | | |
| | Bjóða reglulega uppá kynningar á sjóðum og bjóða aðstoð við umsóknargerð. | SG, SLÞ, MÞB | | | | | ■ | |
| | Stuðningur við mótun verkefna og umsóknagerð í stærri sjóði | SLÞ, MÞB, GAF, HF | | | | | ■ | |
| **Westfjords Food** | Nýtt stuðningsverkefni fyrir matvælaframleiðendur | ÞSÓ, MÞB, SRG | | ■ | | | | |
| | Uppfæra yfirlit yfir Vestfirskan mat | ÞSÓ, KHG | | ■ | | | | |
| | Styðja við og kynna matarmarkaði á Vestfjörðum | ÞSÓ | | | | | ■ | |
| **Fiskeldi á Vestfjörðum** | Stefnumörkun Lagareldis, eftirfylgni | GAF, AÓ, MÞB | | | | ■ | | VFS átti aðild að rýnihópum. Send umsögn við Lagareldisfrumvarp sem síðan var ekki afgreitt. |
| | Viðhorfskönnun um fiskeldi á Vestfjörðum. | GAF | ■ | | | | | |
| | Menntun & rannsóknarmiðstöð fiskeldis - Vatneyrarbúð | GAF, SÓK | | | | | ■ | |
| | Umhverfisverkefni í fiskeldi - möguleg umsókn | HF, GAF, MÞB | | ■ | | | | Vannst ekki tími til, HF með littla þekkingu á og tengsl við Fiskeldi |
| | Landeldi | GAF, MÞB | | ■ | | | | |
| | Fiskeldisfundir innansvæða og/eða Vestfjarða | GAF | | ■ | | | | |
| **Þörungar og skeljar** | Stefnumörkun Lagareldis, eftirfylgni | GAF, AÓ, MÞB | | | | | ■ | VFS átti aðild að rýnihópum. Send umsögn við Lagareldisfrumvarp sem síðan var ekki afgreitt. |
| | Stefnumörkun Strandbúnaðar, koma af stað | | | | ■ | | | |
| | Sækja ráðstefnur og fundi um þörunga | GAF,MÞB | | | | | ■ | |
| | Umhverfisáhrif þörungaræktar, gera samantekt - einblöðung | GAF,SLÞ,MÞB, HF | | | ■ | | | |
| | Möguleikar á sviði ræktunar á þörungum og skel - kynning | GAF, MÞB, ASÓ | | | | | ■ | |
| | Ræktun þörunga og nýting afurða. | GAF,MÞB | | | | | ■ | |

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjávarútvegsklasi Vestfjarða | Halda reglulega fundi í klasanum og móta samstarf Vestfjarðastofu og klasans | GAF | | | | | | |
| | Hafsjór af hugmyndum - háskólastyrkir | GAF, MÞB | | | | | | |
| | Ársfundur klasans | GAF | | | | | | |
| | Samstarf sjávarútvegsklasanns við menntastofnanir | GAF | | | | | | |
| Orkutengd verkefni | RECET - orkuskipta- og umhverfisverkefni | HF, MÞB, GAF | | | | | | Gengið mjög vel, fleiri fundir og vinnustofur haldnir en búið var að lofa. Samræming við loftslagsstefnu gengið vel. Bæta mætti þann hluta sem snýr að fyrirtækjum |
| | Innviðaþing | | | | | | | |
| | Málþing um orkumál og orkuskipti | MÞB, HF | | | | | | |
| | Orkunefnd um Vestfirði. Fylgja eftir aðgerðaáætlun nefndarinnar | AÓ, SÓK | | | | | | |
| | Eftirfylgni/umsagnir Rammáætlun 4 og 5 | AÓ, MÞB | | | | | | Umsagnir í Samráðsgátt |
| Grænir iðngarðar á Reykhólum | Fjárfestingar tengdar ferðaþjónustu | SÓK,MÞB | | | | | | |
| | Móta áætlun um uppbyggingu | SÓK, MÞB | | | | | | |
| | Seta í stýrihóp verkefnisins | MÞB, GAF | | | | | | |
| Fjárfestinga-tækifæri á Vestfjörðum | Samþætting við vinnu svæðisskipulags | AÓ, HF | | | | | | |
| | Aðalskipulag og deiliskipulag sveitarfélaga skilgreini svæði/lóðir fyrir atvinnustarfsemi | AÓ,MÞB, SÓK | | | | | | |
| | Fjölga umsóknum í sjóði sem varða sveitarfélögin | AÓ, SÓK, SLÞ, HF | | | | | | |
| | Samtal við sveitarfélög vegna fjárfestingaverkefna og skipulagsmála | SÓK,MÞB | | | | | | |
| | Innviðagreining | MÞB, SÓK | | | | | | |
| | Fjárfestingar tengdar ferðaþjónustu | MÞB, SRG, SÓK | | | | | | |
| | Íbúðauppbygging | MÞB, SÓK | | | | | | |
| Brothættar byggðir Árneshreppi - Áfram Árneshreppur | Eftirfylgni innviðauppbyggingar í Árneshreppi | SG | | | | | | |
| | Eftirfylgni og lok verkefnis | SG | | | | | | |
| Brothættar byggðir í Dýrafirði - Öll vötn til Dýrafjarðar | Eftirfylgni og lok verkefnis | SLÞ | | | | | | |
| Brothættar byggðir á Ströndum - Sterkar Strandir | Innviðir styrktir | SLÞ | | | | | | |
| | Nýsköpunarverkefni á Ströndum | SLÞ | | | | | | |
| | Kvótamál í sjávarútvegi | SLÞ | | | | | | |
| Þróunarverkefni á Flateyri | Formennska í verkefnisstjórn og samstarf við verkefnisstjóra | SÓK | | | | | | |
| | Umsjón með úthlutun styrkja í samstarfi við verkefnisstjora | SÓK | | | | | | |

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sýnileiki Vestfjarða - áhersluverkefni** | Framadagar HR 9.febrúar | MÞB, SRG, SÓK | ■ | | | | | |
| | InWest - fjárfestasíða á íslensku og ensku | SÓK. MÞB, SLÞ, ASÓ | | | | | ■ | |
| | Vestfjarðabók kynning | ASÓ | | | | | | Vinna hafin en kynning á næsta ári |
| | Umfjallanir um umhverfis- og loftslagsmál | ASÓ, HF | | | | | ■ | |
| | Miðlun úr héraði - power to the people... | ASÓ ofl. | ■ | | | | | Er ekki að virka eins og upp var lagt |
| | Umfjallanir um fyrirtæki & mannlíf | ASÓ | ■ | | | | | |
| **MERSE** | Stuðningsverkefni | ÞSÓ | | | | | ■ | |
| | Samstarfsfundir og skýrslur | ÞSÓ | | | | | ■ | |
| | Vinnustofur um samfélagslega nýsköpun | ÞSÓ | | | | | ■ | |
| **Erlend samstarfsverkefni** | Pólskt samstarfsverkefni | MG | | | | | ■ | |
| | RECET - orkuskipta- og umhverfisverkefni | HF, MÞB | | | | | ■ | |
| | MERSE - samfélagsleg atvinnuþróun | ÞSÓ | | | | | ■ | |
| | Nýjar umsóknir og mótun verkefna | SLÞ, MÞB | | | | | ■ | |
| | Eftirfylgni umsókna í vinnslu | SLÞ, MÞB | | | | | ■ | |
| **Atvinnutengd umhverfismál** | Þjóðskógar | GAF,MÞB | | ■ | | | | |
| | Þróunarverkefni á sviði umhverfisvöktunar | GAF, HF | | ■ | | | | |
| | Kolefnisbinding | HF, MÞB | | | | | ■ | Skýrsla með Verkís á lokametrunum. Hún hefur mikið vægi fyrir loftslagsstefnu og mögulega nýsköpun |
| | Þjóðgarður á Vestfjörðum | HF, SLÞ ,ÞSÓ | | | | | ■ | Skýrsla leit dagsins ljós í september, sem mun gagnast vi gerð svæðisskipulags |

# Byggðamál og samfélag



**Rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og þau mál sem tengjast samstarfi sveitarfélaga og landshlutasamtaka falla undir deildina Byggðamál og samfélag. Þar ber hæst verkefni eins og árleg Fjórðungsþing og síðan fjölbreytt samstarf innan og utan Vestfjarða.**

Samstarf við Samband sveitarfélaga og önnur landshlutasamtök er nokkuð mikið og gott að geta borið saman starfsemi og vinnulag. Sviðsstjóri byggðamála og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum við að fara á sameiginlega fundi.

Kosningar komu óvænt upp haustið 2024 og í stuttri og snarpri kosningabaráttu hitti starfsfólk Vestfjarðastofu fulltrúa flestra flokka sem í framboði voru til þingkosninga. Sendar voru upplýsingar til framboðanna um helstu áherslumál og eftir kosningar til flokkanna sem stóðu í stjórnarmyndunarviðræðum.

**Samskipti við Alþingi og ráðuneyti**
Fundir með nefndum Alþingis, ráðuneytum og ráðherrum:

Samskipti við ráðuneyti, ráðherra og stofnanir ríkisins voru að vanda nokkur á árinu 2024 og fólust að mestu í eftirfylgni ályktana og stefnuskjala FV & Vestfjarðastofu.

| | |
|---|---|
| 04.03.2024 | Fundur með menningar og viðskiptaráðherra, Lilju Dögg Alfreðsdóttur |
| 07.03.2024 | Innviðaráðuneyti, Stefnumót um stefnur – Landshlutasamtök og ráðuneyti |
| 03.04.2024 | Fundur í Umhverfis, orku og loftslagsráðuneyti – eftirfylgni ályktana 69. Fjórðungsþings |
| 21.05.2024 | Atvinnuveganefnd – eftirfylgni umsagnar um Lagareldi |
| 27.06.2024 | Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti – Landshlutasamtök |
| 15.08.2024 | Menningar og viðskiptaráðherra – Lilja Dögg Alfreðsdóttir |
| 15.08.2024 | Atvinnuvegaráðherra – Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir |
| 15.08.2024 | Innviðaráðherra – Svandís Svavarsdóttir - Landshlutasamtök |
| 02.09.2024 | Umhverfis- orku og loftslagsráðherra – Guðlaugur Þór Þórðarson |
| 03.10.2024 | Þingmannafundur í kjördæmaviku |
| 10.10.2024 | Mennta og barnamálaráðherra – undirritun viðauka um farsæld við LHSS |

**Umsagnir**
Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi er hluti af hagsmunagæslu landshlutans. Með gerð umsagna gefst færi á að koma að sjónarmiðum og athugasemdum gagnvart drögum að frumvörpum, áætlunum eða reglugerðum frá stjórnvöldum. Efni umsagna nýtist síðan áfram þegar frumvörp eða tillaga að þingsályktunum eru lögð fram á Alþingi.

Tími leyfir ekki að umsagnir séu gerðar nema við allra mikilvægustu mál sem varða Vestfirði. Þá er sérstaklega horft til mála sem varða uppbyggingu innviða s.s. samgöngur, raforku og fjarskiptamál auk málefna sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu. Einnig er fylgst með málum sem tengjast náttúruvernd og umhverfismálum á fjölbreyttan hátt.

### Umsagnir til Alþingis

- Umsögn, fjáraukalög, vetrarþjónusta (nóv 2024)
- Umsögn, bandormur, innviðagjald (nóv 2024)
- Umsögn, kílómetragjald (nóv 2024)
- Umsögn um áform um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja (ágúst 2024)
- Umsögn, frumvarp um lagareldi (maí 2024)
- Umsögn, þingsályktun um Fjármálaáætlun 2025-2029 (maí 2024)



### Umsagnir í Samráðsgátt

- Stefnumótun á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar til 2035 (okt 2024)
- Drög að flokkun fimm virkjunarkosta (júní 2024)

**Svæðisskipulag Vestfjarða 2026-2050**

Eitt mikilvægasta verkefni Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga árið 2024 er umsjón vinnu við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050. Svæðisskipulag Vestfjarða miðar að því að móta framtíð svæðisins til ársins 2050. Það er heildstæð áætlun sem tekur til margra þátta, þar á meðal landnotkunar, samgöngumannvirkja, orkumála, umhverfisverndar og samfélagsþróunar. Markmiðið er að tryggja sjálfbæra þróun sem styrkir samfélögin á Vestfjörðum og verndar einstaka náttúru svæðisins.

Svæðisskipulagi Vestfjarða er ætlað að vera hreyfiafl framfara og sameiginlegt verkfæri sveitarfélaganna og landshlutans í samskiptum sín á milli og út á við, verkfæri sem styrkir stöðu Vestfjarða. Svæðisskipulagið verður farvegur sameiginlegra hagsmuna Vestfirðinga og er því ætlað að draga fram þætti sem efla samfélagið á Vestfjörðum með frumkvæði, þekkingu og samvinnu að leiðarljósi.

Í vinnunni við svæðisskipulagið er lögð áhersla á samvinnu sveitarfélaga á Vestfjörðum, ríkisstofnana, og annarra hagsmunaaðila. Mikilvægt er að allir komi að borðinu til að tryggja að áætlunin endurspegli vilja og þarfir Vestfirðinga. Skipulagið mun nýtast til að taka ákvarðanir um nýtingu og verndun lands og náttúru á sameiginlegum vettvangi.

Svæðisskipulagið mun hafa áhrif á fjárfestingar, atvinnuþróun og lífsgæði á Vestfjörðum. Með því að skapa skýra sýn á framtíðina er hægt að laða að fjárfestingar í nýjum atvinnugreinum og styðja við þau fyrirtæki sem fyrir eru. Mikilvægt er að skipulagið taki mið af loftslagsbreytingum og tryggi að Vestfirðir verði í stakk búnir til að takast á við þær áskoranir sem þeim fylgja. Með því að vinna saman geta Vestfirðingar skapað bjarta framtíð fyrir svæðið sitt. Lokaniðurstaðan mun hafa víðtæk áhrif og móta samfélagið til framtíðar.

**Ungmennaþing og ungmennaráð**

11.-12. apríl fór fram Ungmennaþing Vestfjarða í Menntaskólanum á Ísafirði. Þingið tókst stórvel til og mikil ánægja með það meðal þátttakenda sem og skipuleggjenda. Þetta er í annað sinn sem slíkt er haldið og sótti það fimmtíu 13-18 ára ungmenni frá öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum þar sem ungmenni eru búsett. Vilborg Pétursdóttir verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu hafði með höndum skipulagningu þingsins og Sævar Helgi Bragason var þingstjóri.

Þema þingsins var *„Náttúran og umhverfið“*. Auk þingstjórnar var Sævar Helgi með erindi um umhverfismál, sjálfbærni og loftslagsmál og svo um töfra náttúrunnar. Hjörleifur Finnsson

verkefnisstjóri umhverfis- og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu var einnig með erindi um skyld mál. Þingkonan Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir og Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar veittu ungmennunum innsýn í stjórnmál og stjórnsýslu. Þá fengu þau aðra heimsókn frá Vestfjarðastofu er Sigríður Kristjánsdóttir, Anna Sigríður Ólafsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir kynntu Sóknaráætlun Vestfjarða.

Kosið var í ungmennaráð Vestfjarða. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt er kosið og mun það starfa á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga og vera því til ráðgjafar. Ráðið er skipað til eins árs í senn, en þetta fyrsta ungmennaráð mun starfa fram á haust 2025 er næsta ungmennaþing verður haldið.

Ungmennaráðið tók svo til starfa þann 26. ágúst síðastliðinn. Á þeim fundi, sem fór fram á netinu, fengu ungmennin kynningu frá Landssambandi Ungmennafélaga (LUF) á starfsemi þess. Eva Brá Önnudóttir, varaforseti LUF leiddi þau þar í allan sannleikann um hvernig LUF gæti gagnast Ungmennaráði Vestfjarða, til að mynda í að koma málefnum þess á framfæri og hvernig þau gætu styrkt sjálf sig á þessum vettvangi. Ákvað ráðið í framhaldinu að sækja um áheyrnaraðild í LUF. Eins var byrjað að ræða hugmyndir fyrir Ungmennaþing 2025 sem fer fram næsta vor. Nánari upplýsingar má finna á vef Vestfjarðastofu[15].

**RECET**

RECET eða *Rural Europe for the Clean Energy Transition* er þriggja ára samstarfsverkefni fimm landa og fjölmargra sveitarfélaga. Það er leitt af Íslendingum og er ætlað að efla getu sveitarfélaga til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðin í samvinnu við hagsmunaaðila og atvinnulíf. Nánari upplýsingar um framvindu verkefnisins má finna á vef Vestfjarðastofu[16]. Í tengslum við verkefni var haldið málþing í febrúar 2024 undir yfirskriftinni *„Af hverju orkuskipti?“*. Erindi ráðstefnunnar voru tekin upp og má finna á vef Vestfjarðastofu[17].

**Kolefnisjöfnun á Vestfjörðum**

Gefin var út skýrsla um kolefnisjöfnun á Vestfjörðum. Tilgangur skýrslunnar var að fá betri hugmynd um kosti og galla þeirra aðgerða sem mögulegar eru til kolefnisjöfnunar, vísbendingar um kostnað við kaup og framleiðslu kolefniseininga, formkröfur um vottun og möguleika til að framkvæma kolefnisjöfnun á Vestfjörðum. Auk þess veitir hún yfirsýn yfir valkvæða kolefnisjöfnunarmarkaðinn. Í framhaldinu verður sveitarfélögunum á Vestfjörðum kleift að setja sér markmið í loftslags- og orkuskiptaáætlun um kolefnisjöfnun og setja fram aðgerðir til að ná þeim markmiðum.

Skýrslan var unnin af Hjörleifi Finnssyni og öðrum starfsmönnum Vestfjarðastofu en Gunnar Páll Eydal og Katrín Blöndal hjá Verkís voru þeim til ráðgjafar[18].

**Svæðisáætlun um úrgang**

Á árinu 2024 var unnin og gefin út Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum. Öll sveitarfélög á svæðinu hafa samþykkt áætlunina og hún hefur því tekið gildi. Svæðsáætlun má finna á vef Vestfjarðastofu[19].

**Umhverfisvottun**

Sveitarfélög á Vestfjörðum ákváðu á árinu 2024 að hætta þátttöku í umhverfisvottunarkerfinu Earth Check og taka þess í stað upp vinnu við Græn skref og innleiðingu umhverfisbókhaldsins Klappir.

---

[15] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/fv/ungmennarad

[16] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/umhverfismal/recet

[17] https://www.vestfirdir.is/is/vidburdir/malthing-af-hverju-orkuskipti-loftslags-og-orkuskiptaaaetlanir-sveitarfelaga

[18] https://www.vestfirdir.is/static/files/Umhverfismal/kolefnisjofnun-a-vestfjordum-skyrsla_heild.pdf

[19] https://www.vestfirdir.is/static/files/Umhverfismal/svaedisaaetlun-vestfirdir-2024-2035-lokautgafa.pdf



**Framtíð Breiðafjarðar**
Í mars 2022 skipaði umhverfis-orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, stýrihóp sem falið var að greina verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins skyldi leiða til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Áður hafði ráðuneytið í samvinnu við Breiðafjarðarnefnd, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi haft verndun Breiðafjarðar og tengsl verndunarinnar við byggðaþróun til skoðunar á grundvelli aðgerða Byggðaáætlunar C9, Náttúruvernd til eflingar byggðaþróunar.

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið (áður umhverfis- og auðlindaráðuneytið) gerði verksamning við Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaþróun. Verksamningurinn sem er mjög ítarlegur varð hryggjarstykkið í vinnu stýrihóps að verkefninu.

Lokaskil verkefnisins til ráðherra voru í Flatey á Breiðafirði í júlí 2024. Skýrslur verkefnisins má finna á vef Vestfjarðastofu[20].

**Þjóðgarðar á Vestfjörðum**
Sem hluti af áhersluverkefni í umhverfismálum var unnin skýrsla til að skýra út hvaða landsvæði á Vestfjörðum gætu hentað til stofnunar þjóðgarða eða annarrar verndunar sem hefði svipað gildi fyrir byggðaþróun. Hún felur líka í sér stutta umfjöllun um hvers vegna það væri gott að stofna þjóðgarð. Skýrsluna má finna hér[21].

**Leiðir til byggðafestu**
Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV), Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) stóðu sameiginlega að verkefni með styrk frá innviðaráðuneytinu til að efla byggð á því landsvæði sem mest á undir sauðfjárrækt. Þar er litið til Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Strandabyggðar, Kaldranahrepps, Árneshrepps og Húnaþings vestra.

---

[20] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/byggdathroun/framtidarmoguleikar-breidafjardar

[21] https://www.vestfirdir.is/static/files/Umhverfismal/thjodgardar-a-vestfjordum.pdf

Í sveitarfélögunum sex er talin mikil þörf á að f jölga nýsköpunarverkefnum til að treysta byggðafestu á lögbýlum, auk þess að veita frumkvöðlum á svæðinu stuðning og hvatningu. Með verkefninu er hvatt til nýsköpunar og verðmætasköpunar. Áherslan er fyrst og fremst á lögbýli á strjálbýlum svæðum.

Fyrsta skrefið við framkvæmd verkefnisins var tækifæragreining, annað skrefið er stefnumótun og þriðja skrefið fræðsla og tengslamyndun til að hrinda tækifærum í framkvæmd. Til að vinna tækifæragreininguna var samið við Eigið fé ehf. Verkefnisstjórar Eigin fjár eru Hlédís Sveinsdóttir og Björn Bjarnason. Þau fóru dagana 28. júní til 4. júlí í heimsókn til sveitarfélaganna sex sem falla undir verkefnið og áttu fjölmarga fundi með heimamönnum og hagaðilum.

Seinni hluta ársins voru í boði fjölmörg námskeið og kynningar fyrir íbúa þessara svæða sem var síðari hluti verkefnisins. Nánari upplýsingar og skýrslu vegna verkefnisins má nálgast á vef Vestfjarðastofu[22].

**Samstarf landshlutasamtaka**
Samstarf milli landshlutasamtaka er jafnan þétt og mikið. Framkvæmdastjórar landshlutasamtaka hittast mánaðarlega og fjölbreytt samstarf er á mörgum sviðum. Árlega hittast formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka á sumarfundi og að þessu sinni var hist í Bjarkalundi og á Hólmavík. Auk þess fundar eru staðfundir í aðdraganda Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á haustin.

**Árangursmat deildar**

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjórðungssamband Vestfirðinga - skrifstofa | Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV. Mótun vinnulags og aðlögun að siðareglum | AÓ | | | ■ | | | Taka upp með stjórn. Erindi hefur verið sent á sveitarstjórnir eftir kjör nýrrar stjórnar |
| | Innviðanefnd, erindisbréf | AÓ | | | ■ | | | Verður unnið með nýrri nefnd vonandi fyrir áramót |
| | Mótun siðareglna stjórnar | AÓ | ■ | | | | | Taka upp með nýrri stjórn |
| Fjórðungsþing og ársfundir | 69. Fjórðungsþing að vori og hausti. Samþætting við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða | Stjórn, AÓ, SÓK, MG | | | | | ■ | Vinnustofur Svæðisskipulags á báðum þingunum. |
| | Efni og fréttir birt á vef og fylgt eftir með erindum sem beint er á Alþingi,ráðuneyti og stofnanir eftir efni máls | AÓ, SÓK | | | | | ■ | Fréttabréf og fundir með ráðuneytum |

[22] https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/byggdathroun/leidir-til-byggdafestu

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Innviðanefnd | Innviðanefnd, erindisbréf | AÓ | | | | | | Verður unnið með nýrri nefnd vonandi fyrir áramót |
| | Fundir Innviðanefndar með Vegagerð, Isavia, Fjarskiptafyrirtækjum. Landsnet. Orkufyrirtæki | AÓ | | | | | | Engir fundir haldnir. Tekið upp með nýrri innviðanefnd í tengslum við innviðaáætlun |
| | Eftirfylgni tillagna starfshóps um raforkumál Vestfjarða | AÓ | | | | | | Fylgt eftir á þeim fundum sem gáfu færi á s.s. með Landsneti. Tillögur heimfærðar í svæðisskipulagsvinnu og innviðaáætlun |
| | Innviðaáætlun Vestfjarða | AÓ | | | | | | Fjarskiptaáætlun Vestfjarða gefin út í apríl. Texti í innviðaáætlun nýttur í Svæðisskipulagsvinnu. Endurskoðun á texta hafinn og unnið með innviðanefnd. |
| Áhersluverkefni Innviðáætlunar | Bætt vetrarþjónusta verði áhersluatriði 2024. Jarðgangaáætlun er áhersluatriði til lengri tíma. | AÓ, SÓK | | | | | | Vetrarþjónustua tilgreind í öllum umsögnum og fundum um innviði. Árangur að fjáraukalög 2024 hreinsa upp "skuld" fyrri ára. |
| Samráðsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum | Mánaðarlegir fundir með bæjar- og sveitarstjórum | AÓ og SÓK | | | | | | Nokkuð margir fundir fallið niður af mjög fjölbreyttum ástæðum |
| | Virkur Facebook hópur sveitarstjórnarmanna | AÓ,SÓK, MG, ASÓ | | | | | | FB hópur til en lítið nýttur |
| Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum | Eftirfylgni Strandsvæðaskipulags Vestfjarða | AÓ | | | | | | Svæðisráð hefur fundar þrisvar á árinu. |
| | Fjölgun opinberra starfa. Verja opinber störf. | AÓ | | | | | | Ekki sérstakt afmarkað verkefni en fylgt eftir í umsögnum s.s. í fjármálaáætlun |
| Samstarf landshlutasamtaka | Viðhald tengslanets framkvæmdastjóra landshlutasamtaka | SÓK, AÓ | | | | | | Sumarfundur formanna og frkvstj haldinn á Vestfjörðum 2024 |
| Samskipti við Alþingi og ráðuneyti | Fjármálaáætlun 2024-2028 og Fjárlög 2024 | AÓ | | | | | | Umsögnum skilað og fylgt eftir með fundum með fjárlaganefnd. |
| | Umsagnir um frumvörp og þingsályktanir með áherslu á innviði og fjármál sveitarfélaga | AÓ og SÓK | | | | | | Umsögnum skilað og fylgt eftir með fundum með umhverfis og samgöngunefnd, mest um innviði en fjármál minna enda fjárhagur að batna |
| | Eftirfylgni ályktana Fjórðungsþings | AÓ, SÓK, O.fl | | | | | | Fundir með ráðuneytum. |
| | Skýrslur ráðherra um framgang áætlana og stefnuskjala, er varða innviði og málefni sveitarfélaga | AÓ, SÓK | | | | | | Skýrslur frá Alþingi lesnar og kynnt stjórn |
| | Fylgjast með þingmálaskrá | AÓ | | | | | | |
| Svæðisskipulag Vestfjarða | Vinna með svæðisskipulagsnefnd og skipulagsráðgjafa, samkvæmt verkáætlun | A.Ó. | | | | | | Á grundvelli útboðs var gengið frá samningi með ítarlegri verkeáætlun og henni fylgt. |
| | Samþætting við Svæðisáætlun um úrgang, Loftlagsstefnu sveitarfélaga, Earth Check, Sóknaráætlun 2025-2029 | AÓ, HF,SÓK,MÞB | | | | | | Skýrslur og annað tilbúið efni kynnt sem grunngögn svæðisskipulags. Þau gögn nýtt við mótun vinnslutillögu. |

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **RECET orkuskipta- og umhverfisverkefnið** | Fókus verður á orkuskipti og orkusparnað og tengist því gerð loftslagsstefnu og Earthcheck sterkum böndum. haldnar verða a.m.k. tvær vinnustofur og farið í kynningarferð til Samsö í Danmörku | HF, MÞB, GAF | | | | | | Farið í ferð til Samsö með fulltrúum sveitarfélaga, vinnustofur haldnar og verkefni í farvegi skv. áætlun |
| **Loftslagstefnur sveitarfélaganna** | Verður samþætt með RECET | HF | | | | | | |
| **Umhverfisvottun - Earth Check** | Fundir með framkvæmdaráði, Grænu teymi og EC | HF | | | | | | Misheppnuð endurlífgun á EC en þó fólst mikill árangur í því að ná að hætta |
| **Svæðisáætlun um úrgang** | Eftirfylgni og samstarf við ráðgjafa | HF | | | | | | Svæðisáætlun var lokið á tilsettum tíma, |
| **Byggðaáætlun 2022-2036** | Eftirfylgni aðgerða Byggðáætlunar | AÓ, SÓK | | | | | | Aðgerð A10, C1 og C9 |
| | Samþætting við áætlanir ríkis og sveitarfélaga | AÓ | | | | | | Byggðaáætlun rýnd við vinnu að svæðisskipulagi |
| **Náttúruvernd og efling byggðar - C9 verkefni** | Verkefnisvinna, Verndun og nýting Breiðafjarðar. Íbúafundir. Stefnt að lokum verkefnis í apríl | AÓ | | | | | | Verkefni lauk á tilsettum tíma. Skýrsla "Framtið Breiðafjarðar" afhent ráðherra í júlí |
| **Menntastefna Vestfjarða** | Kynningar í sveitarfélögum, úrvinnsla í áhersluverkefni. | SÓK | | | | | | Farsældarverkefni undirritað og menntastefna send sveitarfélögum til afgreiðslu. |
| **Almennings-samgöngur** | Vera í samtali við Vegagerðina | AÓ | | | | | | Samskipti í upphafi árs, en lítið í framhaldi |
| **Ungmennaverkefni** | Ungmennaþing Vestfjarða verði haldið í annað sinn vorið 2024 í samstarfi við ungmennaráð, sveitarfélög og skólana á svæðinu, sótt um styrki | VP/SÁS | | | | | | |
| | Ungmennaráði Vestfjarða verði komið - eftirfylgni breyttra samþykkta FV | VP/SÁS | | | | | | |

# Markaðsstofa Vestfjarða / Markaður og menning

**Deildin Markaður og menning vinnur að verkefnum tengdum menningarmálum og þróun og markaðssetningu ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Markaðstofa Vestfjarða annast ferðaþjónustutengd verkefni, hefur hlutverk áfangastaðastofu, annast útgáfu áfangastaðaáætlana, kemur að þróun ferðaþjónustu á Vestfjörðum og á landsvísu auk þess að vinna að kynningu á Vestfjörðum sem ferðamannastað.**

**Áfangastaðaáætlun Vestfjarða**
Áfangastaðaáætlun Vestfjarða og aðgerðaáætlun eru sameiginleg stefnuyfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðisins yfir tiltekinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, skilgreina beinar aðgerðir og ábyrgð hvers og eins. Einnig er hugmyndin að skilgreina í áfangastaðaáætlun hvaða auðlindir og bjargir aðilar hyggjast nýta við vinnu sína. Gerð og eftirfylgni áfangastaðaáætlunar er í raun heildstætt ferli þar sem litið er til skiplags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á svæði eða áfangastað. Horft er til allra þátta sem haft geta áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði eða áfangastað.

Fyrsta áfangastaðaáætlun Vestfjarða var birt árið 2018 og hefur aðgerðaáætlun hennar verið uppfærð árlega síðan. Á næsta ári stendur fyrir dyrum endurskoðun allrar áætlunarinnar og ný framsetning.

**Samstarf markaðsstofa landshlutanna (MAS)**
Vestfjarðastofa er þátttakandi í verkefninu Markaðsstofur landshlutanna (MAS), sem miðar að því að samhæfa markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu á landsvísu. Markaðsstofurnar sjá um móttöku blaðamanna, samfélagsmiðla og útgáfu og beina markaðssetningu fyrir sinn landshluta.

Markaðsstofurnar halda tvisvar sinnum á ári vinnustofur, þar sem starfsfólk þeirra fær kynningar, vinnur að sameiginlegum markaðsmálum og þróar verkefni. Fyrri vinnustofan 2023 var haldin 18.-19. apríl í Reykjavík, en í ár var einnig vinnustofa á Akureyri og Mývatni 21.-22. nóvember, með áherslu á vetrarferðaþjónustu og flugsamgöngur.

Eitt af helstu samstarfsverkefnunum er Mannamót, árleg ferðasýning sem haldin er um miðjan janúar. Mannamót eru jafnan vel sótt og þar kynna fjölmörg Vestfirsk fyrirtæki starfsemi sína.

**Samstarf innan svæðis – Sóknarhópur Vestfjarðastofu**
Sóknarhópurinn hefur eflst jafnt og þétt og hefur orðið mjög jákvæð þróun og meiri tengsl. Aðilar Sóknarhóps skiptast í ferðaþjónustu- og menningarhluta og annað atvinnulíf. Vestfjarðastofa annast sameiginlega markaðssetningu landshlutans oft í samstarfi við aðila í Sóknarhópi. Í því felst meðal annars að annast umsjón með stafrænum miðlum, sækir ferðasýningar og kaupstefnur og skipuleggur blaðamannaferðir. Aðilum í Sóknarhópi er boðið á lokaða viðburði fyrir samstarfsaðila svo sem fundi ferðaþjónustuaðila, súpufundi, námskeið og vinnustofur.

**Vestfjarðaleiðin**
Þróun ferðaleiðarinnar Vestfjarðaleiðarinnar hélt áfram á árinu 2024. Vinnustofur voru haldnar fyrir þátttakendur og keyrð var auglýsingaherferð í samstarfi við Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Vesturbyggð sumarið 2024 til að auglýsa Vestfjarðaleiðina. Markmið herferðarinnar var að draga innlenda ferðamenn vestur og auka sýnileika Vestfjarðaleiðarinnar og vitneskju um hana.

Markhópurinn fyrir herferðina voru Íslendingar frá 30 ára aldri utan Vestfjarða og notast var við miðlana Meta og Google við birtingar. Auglýsingarnar voru bæði kyrrmyndir og hreyfimyndir sem gripu augu einstaklinga með stuttum, hnyttnum skilaboðum. Myndböndin vöktu hrifningu og virkuðu vel í herferðinni en heildarspilun frá upphafi til enda voru 17.227. Mælingar Sahara sögðu að gæði myndbandefnisins hafi verið góð og því náð að fanga og halda athygli áhorfandans. Heildarfjöldi birtinga voru 25.341.282 og náði herferðin til 126.283 sem er tæplega 33% þjóðarinnar.

Auk þessa voru haldnir markaðir sumarið 2024 á fjórum stöðum undir merkjum Vestfjarða-leiðarinnar til að ýta undir þekkingu á vörumerkinu Vestfjarðaleiðin.

**Vetrarferðaþjónusta**

Á árinu 2024 var lagður grunnur að aukinni áherslu á vetrarferðaþjónustu á Vestfjörðum og síðasta haust var undirritaður samningur við Menningar- og viðskiptaráðuneytið um þróun vetrarferðaþjónustu á Vestfjörðum. Um er að ræða 20 milljóna króna stuðning til tveggja ára við verkefni sem miðar að því að lengja ferðamannatímabilið á svæðinu.

Ferðaþjónar á Vestfjarðaleiðinni funduðu þann 13. maí um lengingu ferðatímabilsins á Vestfjörðum með áherslu á vetrarferðaþjónustu. Fundurinn var vel sóttur, en yfir tuttugu ferðaþjónustuaðilar frá Vestfjörðum og úr Dölum mættu til leiks í Flókalund þar sem fundurinn fór fram. Markmið fundarins var að hvetja ferðaþjóna til að þróa ferðir og ferðapakka að vetrarlagi, til að auka aðdráttarafl Vestfjarða utan hefðbundins ferðamannatímabils og einfalda gestum að sækja svæðið heim á þeim tíma. Helstu vaxtamöguleikar svæðisins liggja í dreifingu ferðafólks yfir lengra tímabil og til að svo megi verða er stefnt að því að efla kynningu á vöruframboði á Vestfjörðum yfir veturinn.

**Skemmtiferðaskip**

Komur skemmtiferðaskipa eru stór hluti af ferðaþjónustu á Vestfjörðum og á árinu 2024 var útbúin nýr hluti á Visit Westfjords vefinn sem veitir farþegum skemmtiferðaskipa til Vestfjarða betri upplýsingar[23].

Á árinu 2024 var einnig gerður samningur milli Vestfjarðastofu og Ísafjarðarbæjar um að Vestfjarðastofa annist úthlutun styrkja úr nýjum sjóði hafna Ísafjarðarbæjar. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn vorið 2024 og má finna nánari upplýsingar um úthlutunina hér[24].

**Móttaka blaðamanna**

Móttaka erlends fjölmiðlafólks sem vill kynna sér Vestfirði er reglulegur liður í starfsemi Markaðsstofunnar og hafa ferðaþjónar á svæðinu átt sinn stóra þátt í því að ferðirnar hafa tekist vel.

Markaðsstofa Vestfjarða verður vör við aukinn áhuga erlendis frá, bæði frá fjölmiðlum og áhrifavöldum, sem vilja gjarnan sækja Vestfirði heim. Þó fyrirspurnir komi oft frá nálægum löndum geta þær líka borist lengra að og síðasta haust kom til að mynda sjónvarpsþáttagerðarkona frá Brasilíu í heimsókn.

**Púkinn – barnamenningarhátíð**

Árið 2024 var smærri útgáfa Púkans haldin vorið 2024 til að koma á þeirri hefð að hátíðin verði haldin að vori frekar en að hausti. Jafnframt fékk Púkinn sex milljón króna styrk úr Barnamenningarsjóði Íslands til að halda hátíð vorið 2025.

**Samstarf menningarfulltrúa**

Samstarf menningarfulltrúa landshlutanna er jafnan þétt og auk fjarfunda hittast menningarfulltrúar á staðfundum tvisvar á ári. Í ár var annar fundurinn á Vestfjörðum og heimsóttu menningarfulltrúarnir allt svæðið á aðeins þremur dögum og sáu og upplifðu fjölmargt í ferðinni.

---

[23] https://www.westfjords.is/en/destinations/cruise-ships/cruise-ships-1

[24] https://www.vestfirdir.is/is/vestfjardastofa/frettir/sumarvidburdasjodur-uthlutar-styrkjum

## Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta – verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Menningarráð | Stjórn Menningarráðs endurskipuð | SG, ASÓ | ■ | | | | | |
| | Stórfundir menningar | SG, ASÓ | ■ | | | | | |
| Umsóknir í sjóði | Fjölgun umsókna frá menningaraðilum á Vestfjörðum í innlenda og erlenda sjóði | SG, SLÞ, KHG | | | ■ | | | |
| | Aðstoð við mótun umsókna | SG, SLÞ, ASÓ | | | | | ■ | |
| Púkinn Barna-menningarhátíð | Fjármögnun barnamenningarhátíðar | SG, ASÓ | | | | | ■ | Komið |
| | Samtal og samstarf við skóla og félagsmiðstöðvar á Vestfjörðum auk ungmennaráða um möguleika á samstarfi um barnamenningarhátíð | SG, ASÓ, VP | | | | ■ | | Vilborg tók fund og fund með ungmennaráði |
| | Fundir stýrihóps barnamenningarhátíðar | SG, VP | | | | | ■ | |
| Viðburðir og hátíðir | Viðburðadagatal – Innleiðing sveitarfélaga, hópvirkjun | SG, ASÓ | | ■ | | | | Er virkt, hvatt til notkunar við styrkveitingar, vantar aðeins upp á fyrir sveitarfélögin |
| Efling menningarhúsa | Unnið að þríhliða samningi Edinborgarhússins við ríki og bæ | ASÓ, SG | | | | | ■ | Samningi náð |
| Menningarstefna Vestfjarða | Mótun menningarstefnu – vinnst með gerð nýrrar Sóknaráætlunar | SG, ASÓ, VP | | ■ | | | | Vinna er hafin, |
| Samstarf menningarfulltrúa | Fundir og annað samstarf | SG | | | | ■ | | Heimsóknir menningafulltrúa á Vestfirði og reglulegir fundir |
| Samstarf safna á Vestfjörðum | Gerð verkáætlunar um samstarfs safna í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustu | SG, VP | | ■ | | | | Óráðið um hvernig eigi að framkvæma |
| | Unnið að virku samstarfi safnafólks á Vestfjörðum | SG, VP | | | | | ■ | Námskeiðshald í samstarfi við Byggðasafnið |
| Kvikmyndaverkefni | Farin 3ja daga kvikmyndaverkefnisferð með þjónustufyrirtækjum í kvikmyndaframleiðslu, samstarf með hótelum og bílaleigum. Fókus á auglýsingaverkefni. | SG, SRG | ■ | | | | | Stefnt að vori 2025 |
| MAS Vinnustofa | Vinnustofa með MAS | SRG, VP, ÞSÓ | | | | | ■ | Var frestað, verður á netinu stefnt að því í Maí |
| Samstarf stoðkerfis og atvinnulífs | Virkja aðila innan Sóknarhóps í fagráð | SRG, | | | ■ | | | Fagráð er virkt innan stjórnar, aldrei fundað utan stjórnar |
| | Ferðaþjónustudagur haldin sameiginlega með ársfundi sóknarhóps | SRG, VP,ÞSÓ | | | | | ■ | |
| | Morgunfundir ferðaþjóna haldnir á öllum svæðum | SRG, SÁS,ÞSÓ | | ■ | | | | Héldum einn fund |
| | Vetrarpakkar | SRG | | | | | ■ | Komin samningur við ráðið |

| Verkefni | Aðgerðir ársins | Ábyrgð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Áfangastaðaáætlun Vestfjarða** | Aðgerðaráætlun - framhald | VP (SÁS) | | | | | ■ | |
| | Endurskoðun stefnumótunar til framtíðar (samþætta við gerð Sóknaráætlunar) | VP SRG (SÁS) | ■ | | | | | Verður tekið í næstu útgáfu |
| | Stafræn þróun og samþætting milli landshluta MAS | VP (SÁS) | | | ■ | | | Í vinnslu |
| **Visit Westfjords** | Efnisvinna, sértækar undirsíður | SRG, VP | | | | | ■ | Vestfjarðaleiðarsíða, Travel Trade síða |
| | Travel Trade síða - Ferðaplön | SRG, VP | | | | | ■ | Lokið |
| | Travel trade bæklingur | SRG, VP, ASÓ | ■ | | | | | Tókum ákvörðun að hafa þetta stafrænt |
| | Gönguleiðir - Innleiðing gagnagrunns á vefinn | SRG, ÞSÓ | | | ■ | | | Söfnun gönguleiða í vinnslu |
| | Ánægju könnun meðal ferðamanna | SRG, HF | | | | | ■ | Komið í loftið virkt |
| | Samfélagsmiðlar, Blogg og uppfærsla | SRG, VP | | | | | ■ | Virkni aldrei verið meiri |
| **Ferðasýningar** | Vest Norden Færeyjar | SRG | | | | | ■ | |
| | 1 erlend - ITB/Vinnustofa Norður Ameríka | SRG | | | | | ■ | WTM |
| | Mannamót | SRG, ÞSÓ, VP | | | | | ■ | |
| **Vestfjarðaleiðin** | Erlend ferðaleið - fyrirmynd | ÞSÓ, SRG | | | | ■ | | Vinna með hönnun hafin |
| | Skilti | ÞSÓ | | | ■ | | | Beðið eftir reglugerð |
| | Gönguleiðir - Samstarf sveitarfélög | SRG, ÞSÓ, | | | ■ | | | Sama og að ofan |
| | Ferðaplön - Tenging í Travel Trade og blogg | SRG, VP | | | | | ■ | Sama og að ofan |
| | Vefsíða sameining West.is og Westfjords.is | ÞSÓ, SRG, ASÓ | ■ | | | | | Ólokið vantar tengingu í gagnagrunni |
| | Fjölgun áningastaða - fundir Sveitarstjórnir, gögn | ÞSÓ | | | | | ■ | Vinna hafin, kortlagning |
| | Fastir fundir - meðlima Vestfjarðaleiðarinnar | ÞSÓ, SRG | ■ | | | | | |
| **Skemmtiferðaskip** | Samstarf við aðrar áfangastofur | SRG | | | | | ■ | |
| | Samstarf við sveitarfélög um stefnu vegna skipa | ASÓ, SRG | | | | | ■ | Ísafjarðarbær lauk stefnumótun, VFS annaðist úthlutun úr Sumarviðburðasjóði og ýmiskonar annað samstarf |
| | Ísafjarðarbær - betri bæjarbragur | SRG, SÓK | | | | | ■ | Sumarviðburðasjóður - úthlutun |
| **Ímynd og Kynning** | Blaðamanna og áhrifavaldaferðir | SRG VP SG | | | | | ■ | 7, blaðamannaferðir, engin hópferð í ár vegna tafa hjá Íslandsstofu |
| | Vestfjarðaleiðin - Erlend herferð N-A og VE | SRG, VP,ÞSÓ, ASÓ | | | | ■ | | Gerðum innlenda herferð, gekk vel |
| | Vestfjarðabók, textavinnsla | ASÓ | ■ | | | | | |